



Vátryggingafélag Íslands hf.

Árshlutareikningur fyrstu níu mánaða ársins 2016

Samstæðuárshlutareikningur félagsins fyrir fyrstu níu mánuði ársins 2016 var staðfestur af stjórn og forstjóra félagsins á stjórnarfundi þann 26. október 2016. Reikningurinn hefur hvorki verið kannaður né endurskoðaður af endurskoðendum félagsins.

Helstu niðurstöður

- Hagnaður af rekstri nam 592 m.kr. samanborið við 1.989 m.kr. hagnað fyrir sama tímabil 2015.
- Samsett hlutfall var 102,1% en var 104,7% á sama tíma í fyrra.
- Tekjur af fjárfestingastarfsemi námu 1.038 m.kr. samanborið við 2.973 m.kr. 2015.
- Gjaldmiðlatap vegna eigna sem tilheyra erlendri starfsemi nam 529 m.kr. á tímabilinu.

Jakob Sigurðsson, forstjóri

„Það er jákvætt að sjá hve mikið innlend iðgjöld hafa aukist það sem af er ári, eftir nokkurra ára stöðnun, eða um 11,2% frá sama tíma í fyrra. Vöxturinn helgast bæði af hærra meðaliðgjaldi og talsverðri fjölgun skírteina þar sem nýjum viðskiptavinum fjölga og núverandi eiga í meiri viðskiptum við okkur en áður. Samsett hlutfall var nokkru lægra en það var á sama tíma í fyrra sem er vel en afkoma af vátryggingastarfseminni var þó ekki í samræmi við væntingar. Ávöxtun fjárfestingaeigna gekk nokkuð vel við erfiðar markaðsaðstæður, og nam 3,1%. Gjaldmiðlatap af eignum sem tilheyra erlendri starfsemi félagsins hefur veruleg áhrif á afkomu fjárfestingastarfseminnar, en það nam 529 m.kr. á fyrstu níu mánuðum ársins.“

Arðgreiðsla og eigin kaup

Aðalfundur félagsins sem haldinn var þann 16. mars s.l. samþykkti arðgreiðslu að fjárhæð 2.067 m.kr. sem greidd var til hluthafa þann 15. apríl s.l. Félagið keypti eigin hluti fyrir 574 milljónir króna á fyrstu níu mánuðunum og átti alls um 3,2% af heildar eigin fé í lok september. Gjaldþolshlutfall í lok september var 1,83.

Víkjandi skuldabréf – skráning á Aðalmarkað NASDAQ Iceland

Í lok febrúar gaf félagið út víkjandi skuldabréf að nafnverði 2.500 m.kr. en útgáfa skuldabréfanna er liður í endurskipulagningu á fjármagnsskipan félagsins og tilheyrir hún eiginfjárbætti 2. Skuldabréfin voru tekin til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ Iceland hf. þann 29. júlí s.l.

Horfur

Gert er ráð fyrir að áfram verði ágætur vöxtur í innlendum iðgjöldum á árinu en ólíklegt er að samsett hlutfall verði í árslok lægra en það var fyrir árið 2015.

Kynningarfundur

Kynningarfundur fyrir markaðsaðila og hluthafa verður haldinn hjá VÍS í Ármúla 3, 5. hæð, þann 27. október n.k. kl. 8:30. Þar kynni Jakob Sigurðsson forstjóri VÍS afkomu félagsins og svarar spurningum. Kynningarefni fundarins verður aðgengilegt að honum loknum á vef VÍS: www.vis.is

Fjárhagsdagatal

Viðburður	Dagsetning:
Þriðji ársfjórðungur	26. október 2016
Ársuppgjör 2016	23. febrúar 2017
Aðalfundur 2017	16. mars 2017

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir Jakob Sigurðsson forstjóri í síma 560-5000 og í netfangi fjarfestatengsl@vis.is.

Helstu niðurstöður og lykiltölur fyrstu níu mánaða ársins 2016

	m.kr.	9M 2016	%	9M 2015
Rekstur	Iðgjöld tímabilsins	13.555	9,4%	12.390
	Eigin iðgjöld	13.064	9,3%	11.955
	Fjármunatekjur	1.038	-65,1%	2.973
	Heildartekjur	14.223	-5,5%	15.045
	Tjón tímabilsins	-11.169	13,6%	-9.828
	Eigin tjón	-10.446	5,5%	-9.905
	Rekstrarkostnaður	-3.328	10,5%	-3.012
	Virðisrýmun óe. eigna	0	0	0
	Heildargjöld	-13.887	7,6%	-12.911
	Hagnaður	592	-70,2%	1.989
Hlutföll	Tjónahlutfall	82,4%	3,1%	79,3%
	Eigið tjónahlutfall	79,9%	-3,0%	82,9%
	Kostnaðarhlutfall	21,4%	0,1%	21,3%
	Endurtr.kostnaðarhlutfall	-1,7%	-5,8%	4,1%
	Samsett hlutfall	102,1%	-2,6%	104,7%
	m.kr.	30.9.2016		31.12.2015
Efnahagur	Eignir			
	Fjárfestingar	33.637		32.206
	Handbært fé	808		1.428
	Viðskiptakröfur	6.653		5.482
	Aðrar eignir	6.703		5.757
	Eignir samtals	47.801		44.874
	Skuldir			
	Eigið fé	15.503		17.552
	Víkjandi skuldabréf	2.527		0
	Vátryggingaskuld	26.232		23.466
Aðrar skuldir	3.539		3.856	
Skuldir samtals	47.801		44.874	
Hlutföll	Eiginfjárlutfall	32,4%		39,1%
	Arðsemi eigin fjár	4,8%		11,3%
	Gjaldþolshlutfall samstæðu (SII)	1,83		1,54

Til athugunar fyrir fjárfesta

VÍS vekur athygli á því að staðhæfingar sem finna má í þessari fréttatilkynningu kunna að vera byggðar á mati og áætlunum stjórnenda félagsins en ekki á staðreyndum sem hægt er að sannreyna við birtingu tilkynningarinnar. Eðli málsins samkvæmt fela slíkar staðhæfingar í sér óvissu. Athygli fjárfesta er vakin á því að margir þættir geta haft þau áhrif að rekstrarumhverfi félagsins og afkoma verði með öðrum hætti en forsendur gera ráð fyrir í tilkynningunni. Þessi tilkynning verður ekki endurskoðuð eftir birtingu hvað þetta varðar. Staðhæfingar sem finna má í þessari fréttatilkynningu gilda eingöngu á þeim tímamarki þegar fréttatilkynningin er fyrst birt og takmarkast gildi þeirra við það sem segir í fyrirvara þessum.